



*Alþingi
Erindi nr. P 130/798
komudagur 20.1.2004*

Umsögn um frumvarp ..

**..til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál
heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra
(Þskj. 499 – 374. mál)**

**..um breytingu á ýmsum lögum vegna
viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta
máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og
daufblindra (Þskj. 500 - 375. mál)**

Tækniháskóli Íslands fagnar frumvörpum þeim sem hér um ræðir og þeirri réttarbót sem þau fela í sér fyrir heymarskerta, heymarlausu og daufblinda. Mikilvægt er að tryggja réttarstöðu þeirra og veita þeim jafnan aðgang að þeirri menntun sem þeim er möguleg að teknu tilliti til fötlunar.

Tekið er fram í 6. grein að “Allar stofnanir og embætti ríkisins skulu útvega táknmálstúlka...” og mun Tækniháskólinn leggja sitt af mörkum til þess að bregðast við af fagmennsku og réttisýni þegar fyrsti nemandi sem á táknmálstúlki þarf að halda óskar eftir skólavist. Þá þarf, eins og getið er um í greinargerð með frumvarpinu, kafla 2, “...að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkajónustu sem fellur undir frumvarpið”.

Tækniháskóli Íslands leggur á það áherslu að koma til móts við sérþarfir nemenda sinna og stuðla að jafnri aðstöðu þeirra til náms. Til þess að svo megi verða þarf að taka mið af þeim kostnaði sem af slíku hlýst við úthlutun fjárheimilda til skólans. Túlkajónusta við nemanda í sérfræðinámi á háskólastigi þarf að vera afar öflug og sérhæfð. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að sérhæftri túlkajónustu og tekur THÍ því undir málefni 8. greinar frumvarpsins þ.e.: “...íslenska ríkið...leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkajónustu hverju sinni”. Kostnaður við túlk á ársgrundvelli getur numið allt að 5 milljónum króna. Fyrir skóla í fjárþröng er því afar mikilvægt að geta sótt aukafjárveitingu til fjármálaráðuneytisins vegna slíkra viðbótarútgjalda svo ekki þurfi að skerða aðra þjónustu við nemendur.

Tækniháskólinn tekur að öllu leyti undir þau atriði sem 3. og 5. grein fyrra frumvarpsins leggja til, þ.e. að þessi hópur eigi “...rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi...” og sbr. 5. gr., 2.mgr.: “Óheimilt er að neita heymarlausum, heymarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist eða aðra þjónustu á grundvelli heymarleysis eða þess að hann notar táknmál”. Til að svo megi verða þarf því að tryggja að til þess fáiast fjármagn svo viðkomandi nemandi megi njóta alls þess sem námið býður upp á, til jafns við ófatlaða nemendur. Þó skal taka fram að til eru þau störf þar sem reynir á að heyrn sé góð svo forða megi slysum/áföllum t.d. í sambandi við vélar og tækjabúnað, rannsóknastörf og meðhöndlun sjúkra svo dæmi séu tekin og krefjast sérstakra hæfiskilyrða. Um þau þarf að fjalla sérstaklega.

F.h. Tækniháskóla Íslands
Stefanía Katrín Karlsdóttir
rektor